

Alþingi  
Erindi nr. P 136/260  
komudagur 24.11.2008



Til menntamálanefndar Alþingis

Reykjavík, 24. nóvember 2008.

Hæstvirtur fulltrúi í menntamálanefnd Alþingis

Ég fékk ábendingu frá fulltrúa í menntamálanefnd í gegnum ágæta konu hér í bæ þess efnis að rétt hefði verið að senda nefndarmönnum afrit af erindi sem ég sendi menntamálaráðherra 13. þ.m. vegna afar slæmrar stöðu íslenskra myndlistarmanna í kjölfar hruns bankanna. Erindið var fremur óformlegt, sent í tölvupósti en ég var á leið til fundar við ráðherra ásamt öðrum stjórnarmönnum í Bandalagi íslenskra listamanna þar sem ráðherra hugðist kynna drög að breytingum á lögum um listamannalaun. Það var fremur ítarlegt enda hugðist ég með því gera langt mál stutt á fundinum. Mér þótti ábendingin góð. Því sendi ég meginefni tölvubréfs míns hér með nefndarmönnum til upplýsingar.

Í bréfinu tek ég tvennt til umræðu. Seinna atriðið varðar listamannalaunin en ég óttaðist að ekki yrði um mikla viðbót við Launasjóð myndlistarmanna að ræða í drögum ráðuneytisins. Það kom reyndar á daginn. Viðbrögð við tillögu minni um tafarlausa viðbót vegna ástandsins voru samt lítil sem engin á fundinum. Listamannalaunin er mál sem menntamálanefnd Alþingis ætti í raun að láta sig miklu varða en þau hafa staðið algjörlega í stað síðan árið 1996 á meðan listamönnum hefur fjölgað gríðarlega á sama tíma. Lögin hafa sömuleiðis séð til þess að íslenskir listamenn hafa síður en svo haft jafna möguleika á að fá listamannalaun (sjá meðfylgjandi tillögu um fjölgun launa byggða á samantekt á fjölda umsókna til sjóða listamannalauna). Staða myndlistarmanna er þar sýnu verst, en benda má á að þeir hafa ekki um margar aðrar stöður að sækja þar sem greitt er fyrir störf að myndlist.

Meginerindi bréfsins er hinsvegar bráðáriðandi og varðar Seljaveg 32. Þar hafa um 50 innlendir listamenn vinnuáðstöðu, auk þess sem þar er rekin 5 herbergja gestaíbúð og vinnuáðstaða fyrir erlenda listamenn. Húseigandinn er íslenska ríkið og leigutaki Samband íslenskra myndlistarmanna sem hefur umsjón með húsinu og leigir út til listamanna úr sínum röðum. Þar stefnir hraðbyri í óefni nema til komi myndarleg lækun á leigu.

...nú þurfum við að leita ásjár ríkisins í þrengingum okkar. Einsog þú veist leigjum við húsið af ríkinu fyrir markaðsverð. Það hefur reyndar verið okkur dýrt frá upphafi og ekki gekk vel að fá stuðning fyrirtækja í atvinnulífinu, hugsanlega vegna þess að húsið er fyrst og fremst vinnustaður en ekki

samkomustaður svo það hentaði markmiðum markaðsdeildanna illa. Okkar eini bakhjarl frá upphafi var Landsbankinn sem studdi reksturinn með 100.000 kr á mánuði. Það er í sjálfu sér ekki stór upphæð þegar litið er til heildarleigu fyrir húsið sem hefur verið hátt í hálfu aðra milljón á mánuði sem deilist á 50 listamenn, auk erlendu gestanna sem að meðaltali eru 5. Stuðningur bankans fylgdi ekki neinni vísitölu og var því alltaf sá sami. Leigan er hinsvegar bundin vísitölu og byrjaði að stíga strax í upphafi samningstímans en samingurinn er til 5 ára svo tímabilið er upb hálfnað. Skrifstofa SÍM sér um að innheimta leiguna af listamönnunum og skila henni til húseiganda ásamt því að greiða önnur gjöld sem til falla. Skrifstofan tekur enga þóknun fyrir vinnuna og oft hefur SÍM þurft að leggja tímabundið út fyrir kostnaði við rekstur hússins. Um síðustu mánaðamót var leigan sem listamenn greiða komin upp í 1.468 kr/m<sup>2</sup> og eftir fall Landsbankans höfum við engan bakhjarl fyrir utan skrifstofu SIM sem er nú ekki burðug fjárhagslega.

Nú eru myndlistarmenn farnir að missa vinnuna einsog aðrir og einsog þú veist eru fæst okkar á listamannalaunum og þeir sjálfsagt teljandi á fingrum annarrar handar sem geta lifað af listsköpun sinni einni. Þegar hafa nokkrir sagt upp vinnustofunni af þessum sökum og í fyrsta sinn frá því við tókum við húsinu er enginn biðlisti eftir vinnustofum. Ekki er til neinn sjóður svo leigan fyrir tómar vinnustofur leggst einfaldlega ofan á leiguna hjá hinum. Þess er þess ekki langt að bíða að við missum húsið nema gripið verði til einhverra úrræða til að forða því.

Við höfum komið okkur vel fyrir í húsinu en það er ólíklegt að innréttingar okkar henti vel undir aðra starfsemi. Ef við missum húsið er óvíst að nokkur vilji taka það á leigu. Þá stæði þetta stóra hús tóm. Það er því líka hagur húseigandans að halda í núverandi leigjendur og ég minni á að ríkið fær leiguna greidda í einni upphæð, á réttum tíma, frá SÍM. Þegar er sú þróun hafin sem spáð hefur verið fyrir um að húsaleiga fer lækkandi og því er ekki óeðlilegt að endurskoða leiguna til okkar.

Hjá Reykjavíkurborg eru í bígerð áætlanir um að styrkja grunnstarfsemi listamanna. Ma væntum við þess að leiga fyrir Korpúlfsstaði verði lækkuð til muna, vonandi felld alveg niður. Þar eru tæplega 40 vinnustofur fyrir myndlistarmenn og hönnuði. Skrifstofa SÍM sér um reksturinn þar og nú erum við að koma upp verkstæðum sem hugsanlega gætu orðið mikilvægur vettvangur fyrir almennung þegar atvinnuleysið skellur á af fullum þunga. Mikill munur hefur verið á verði fyrir vinnustofur á Korpúlfsstöðum og á Seljavegi. Sá munur mun aukast enn nema ríkið komi til móts við óskir um lækkaða leigu á Seljaveginum.


Á fundinum í vikulok með þér og stjórn BÍL mun ég óska eftir því að ríkið komi til móts við þarfir myndlistarmanna fyrir vinnuaðstöðu með því að innheimta eingöngu lágmarksgjald, t.d. beinan kostnað ríkisins af rekstri viðkomandi húseignar. Það væri sanngjarnt og gæti þessvegna skoðast sem félagslegt úrræði því það er án efa betra fyrir alla aðila að sjá til þess að listamenn geti unnið að sinni listsköpun þó þeir missi atvinnuna sem er þeirra lifibrauð. Ég mun því óska eftir stuðningi frá þér sem fagráðherra

myndlistarmanna við þá hugmynd að ríkið leggi myndlistarmönnum til atvinnuhúsnæði fyrir lágmarksverð þar sem því verður við komið og þá ekki síst þar sem við höfum þegar komið okkur fyrir.

Á fundinum hyggst ég ennfremur óska eftir því þú sem ráðherra menningar og lista beitir þér fyrir sérstakri neyðaraðstoð við myndlistarmenn. Aðstæður myndlistarmanna eru að því leyti frábrugðnar aðstæðum annarra listamanna að við erum mjög háð vinnuaðstöðu utan heimilisins. Starf myndlistarmannsins er nær alltaf einyrkjastarf og þar af leiðandi erum við illa tryggð félagslega. Við höfum misst okkar helstu bakhjarla en undanfarin ár hafa fyrirtækin, og þá fyrst og fremst fjármálafyrirtækin, styrkt ýmis verkefni okkar. Sá tími er nú að baki, í bili amk. Það eru ekki margar stofnanir sem styðja við starfsemi okkar myndlistarmanna í augnablikinu. Ég mun því óska eftir því að þú beitir þér fyrir því að mánuðum í Launasjóði myndlistarmanna verði fjölgað (þ.e. ef ekki hefur þegar verið gert ráð fyrir slíkum breytingum). Einsog áður er nefnt er mjög lítill hluti myndlistarmanna á listamannalaunum. Við höfum ítrekað bent á það og lagt fram tölur unnar upp úr upplýsingum frá Stjórn listamannalauna sem sýna svo ekki verður um villst fram á að okkar sjóður er hlutfallslega langminnstur af sérgreinasjóðunum þremur og að miklu munar. Ef ekkert verður að gert er hætt við að rof myndist í framsókn íslenskrar myndlistar.

Ráðherra vildi ekki ræða Seljavegin á fundinum þar sem hann var ætlaður öðru efni. Ég hef hinsvegar verið í sambandi við aðstoðarmann hennar og nú eigum við í viðræðum við embættismenn fjármálaráðuneytis og hjá Fasteignum ríkissjóðs um möguleikana í stöðunni. Málið á samt fullt erindi á Alþingi og vissulega væri ærin ástæða fyrir þingmenn til að álykta um það. Það snýst ekki bara um Seljavegin heldur gæti ríkið boðið listamönnum og öðrum skapandi einstaklingum afnot af ónotuðu húsnæði í sinni eigu geng vægri leigu. Það er hagur beggja því betra hlýtur að vera fyrir ríkið að fá eitthvað fyrir eignir sínar en að þær standi ónotaðar, auk þess sem leigjendur gæta húsanna fyrir eigandann. Á það má benda að ríki og sveitarfélög í nærliggjandi löndum styðja yfirleitt mun betur við starfsemi myndlistarmanna, jafnt í góðæri sem kreppu, m.a. með verulega niðurgreiddu atvinnuhúsnæði. Þó myndlistarmenn séu sem slíkir sjálfstætt starfandi má segja að þeir vinni sitt starf í þágu samfélagsins. Nærtækt dæmi úr okkar eigin umhverfi er sýning sem sett var upp í American-Scandinavian Foundation í New York fyrir skömmu en yfirlýst markmið hennar var að afla stuðnings við framboð Íslands til Öryggisráðs SÞ.

Með vinsemd og virðingu,



Áslaug Thorlacius, formaður Sambands íslenskra myndlistarmanna

<b>Meðaltalsfjöldi árlegra umsókna:</b>	<b>1993-2007</b>	<b>2003-2007</b>
Listasjóður	161	182
Launasjóður myndlistarmanna	213	209
Launasjóður rithöfunda	162	155
Tónskáldasjóður	27	28

<b>Meðaltal mánuða á umsækjanda:</b>	<b>1993-2007</b>	<b>2003-2007</b>
Listasjóður (300 mánuðir)	1,9	1,6
Launasjóður myndlistarmanna (320 mánuðir)	1,5	1,5
Launasjóður rithöfunda (480 mánuðir)	3,0	3,1
Tónskáldasjóður (100 mánuðir)	3,7	3,6

**Ásættanleg stærð sjóða miðað við meðaltalsfjölda umsókna síðustu fimm ára**  
Útgangspunkturinn er sá að við Launasjóð rithöfunda verði bætt 120 mánuðum  
(600/155=3,87 mánuðir á hverja umsókn)

Listasjóður	3,87x 182=704	705 mánuðir
Launasjóður myndlistarmanna	3,87x209=809	810 mánuðir
Launasjóður rithöfunda	3,87x155=600	600 mánuðir
Tónskáldasjóður	3,87x28=108	110 mánuðir
<b>Alls</b>		<b>2.225 mánuðir</b>

**Skipting umsókna milli sjóða 2007 var eftirfarandi:**

Launasjóður rithöfunda 144 umsóknir.

Launasjóður myndlistarmanna 185 umsóknir.

Tónskáldasjóður 25 umsóknir.

Listasjóður 152 umsóknir, þar af 55 umsóknir frá leikhópum.

**Skipting umsókna milli sjóða 2006 var eftirfarandi:**

Launasjóður rithöfunda 140 umsóknir.

Launasjóður myndlistarmanna 190 umsóknir.

Tónskáldasjóður 27 umsóknir.

Listasjóður 146 umsóknir, þar af 46 umsóknir frá leikhópum.

**Skipting umsókna milli sjóða 2005 var eftirfarandi:**

Launasjóður rithöfunda 158 umsóknir.

Launasjóður myndlistarmanna 231 umsóknir.

Tónskáldasjóður 32 umsóknir.

Listasjóður 201 umsóknir, þar af 60 umsóknir frá leikhópum.

**Skipting umsókna milli sjóða 2004 var eftirfarandi:**

Launasjóður rithöfunda 155 umsóknir.

Launasjóður myndlistarmanna 203 umsóknir.

Tónskáldasjóður 25 umsóknir.

Listasjóður 220 umsóknir, þar af 92 umsóknir frá leikhópum.

**Skipting umsókna milli sjóða 2003 var eftirfarandi:**

Launasjóður rithöfunda 177 umsóknir.

Launasjóður myndlistarmanna 236 umsóknir.

Tónskáldasjóður 33 umsóknir.

Listasjóður 190 umsóknir, þar af 52 umsóknir frá leikhópum.

**Skipting umsókna milli sjóða 2002 var eftirfarandi:**

Launasjóður rithöfunda 154 umsóknir.

Launasjóður myndlistarmanna 230 umsóknir.

Tónskáldasjóður 31 umsóknir.

Listasjóður 205 umsóknir, þar af 39 umsóknir frá leikhópum.

**Skipting umsókna milli sjóða 2001 var eftirfarandi:**

Launasjóður rithöfunda 143 umsóknir.

Launasjóður myndlistarmanna 219 umsóknir.

Tónskáldasjóður 31 umsóknir.

Listasjóður 164 umsóknir, þar af 34 umsóknir frá leikhópum.

**Skipting umsókna milli sjóða 2000 var eftirfarandi:**

Launasjóður rithöfunda 156 umsóknir.

Launasjóður myndlistarmanna 218 umsóknir.

Tónskáldasjóður 26 umsóknir.

Listasjóður 153 umsóknir, þar af 40 umsóknir frá leikhópum.

**Skipting umsókna milli sjóða 1999 var eftirfarandi:**

Launasjóður rithöfunda 165 umsóknir.

Launasjóður myndlistarmanna 224 umsóknir.

Tónskáldasjóður 24 umsóknir.

Listasjóður 159 umsóknir, þar af 38 umsóknir frá leikhópum.

**Skipting umsókna milli sjóða 1998 var eftirfarandi:**

Listasjóður 179 umsóknir, þar af 31 umsóknir frá leikhópum.

Launasjóður myndlistarmanna 259 umsóknir.

Launasjóður rithöfunda 166 umsóknir.

Tónskáldasjóður 31 umsóknir.

**Skipting umsókna milli sjóða 1997 var eftirfarandi:**

Listasjóður 141 umsóknir.

Launasjóður myndlistarmanna 224 umsóknir.

Launasjóður rithöfunda 184 umsóknir.

Tónskáldasjóður 24 umsóknir.

**Skipting umsókna milli sjóða 1996 var eftirfarandi:**

Listasjóður 146 umsóknir.

Launasjóður myndlistarmanna 219 umsóknir.

Launasjóður rithöfunda 190 umsóknir.

Tónskáldasjóður 20 umsóknir.

**Skipting umsókna milli sjóða 1995 var eftirfarandi:**

Listasjóður 147 umsóknir.

Launasjóður myndlistarmanna 218 umsóknir.

Launasjóður rithöfunda 171 umsóknir.

Tónskáldasjóður 27 umsóknir.

**Skipting umsókna milli sjóða 1994 var eftirfarandi:**

Listasjóði bærust 125 umsóknir.

Launasjóði myndlistarmanna bærust 178 umsóknir.

Launasjóði rithöfunda bærust 170 umsóknir.

Tónskáldasjóði bærust 25 umsóknir.

**Skipting umsókna milli sjóða 1993 var eftirfarandi:**

Listasjóði bærust 88 umsóknir.

Launasjóði myndlistarmanna bærust 162 umsóknir.

Launasjóði rithöfunda bærust 153 umsóknir og

Tónskáldasjóði bærust 31 umsóknir.